

Nd. **90. Frumvarp til laga** [78. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.
Úr 1. málsg. 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 33/1976) falli orðin: „og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði“.

2. gr.

Í 6. gr. laganna bætist við ný málsgrein, er verði 3. málsg., svo hljóðandi:
Fyrir 1970 skal ekki reikna meira en 1.1 stig fyrir hvert almanaksár.

3. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný 2. málsg., er orðist svo:

Heimilt skal lífeyrissjóði að greiða viðbót við lífeyri skv. lögum þessum sem svarar til lækkunar árlegra stiga í 1.1 fyrir 1970, sbr. 6. gr. 3. mgr., og lækkunar stiga vegna þess að réttindatími er ekki reiknaður nema frá 55 ára aldri eða frá 1955, sbr. 5. gr. 1. og 2. mgr., enda hafi lífeyrisþeginn greitt til lífeyrissjóðs umræddan tíma og þær greiðslur lagðar til grundvallar stigaútreikningi. Þessa viðbót skal ekki draga frá greiðslum samkvæmt 7. og 8. gr.

Greinargerð.

Frá því að aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin gerðu með sér samkomulag um auknar greiðslur ellilífeyris frá umsjónarnefnd eftirlauna hafa komið í ljós ýmsir agnárar. Með þessu frv. er gerð tilraun til að leiðrétta hina verstu, sem aðilum yfirsást að gera er umrætt samkomulag var gert.

Um 1. gr.

Með breytingu á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63/1971 (sbr. lög nr. 33/1976) er leiðrétt það misrétti, sem stafar af misjafnlega ströngum skilyrðum sem lífeyrissjóðirnir gera til örorkulífeyrisþega. Eins og nú er hátað fær maður, sem er í lífeyrissjóði sem krefst 10 ára réttindatíma fyrir veitingu örorkulífeyris, ekki örorkulífeyri, en annar, sem er í sjóði sem einungis krefst 5 ára réttindatíma, fær lífeyri úr þeim sjóði og frá umsjónarnefnd. Það var aldrei ætlun samningsaðila að mismuna mönnum þannig eftir aðild að lífeyrissjóðum. Hér er gert ráð fyrir að báðir hafi 5—10 ára réttindi. Þar með er fyrrgreint misrétti leiðrétt.

Um 2. gr.

Í þessari grein er verið að fylla upp í eyður í lögnum og staðfesta framkvæmd umsjónarnefndar.

Um 3. gr.

Þar sem sérhver greiðsla úr lífeyrissjóði kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum frá umsjónarnefnd, og þar sem þessar greiðslur hafa verið verðtryggðar, ákvarðar lífeyrir frá umsjónarnefnd í reynd samtals greiðslur til lífeyrisþegans frá umsjónarnefnd og velflestum lífeyrissjóðum. Það að miðað er við í hæsta lagi 1.1 stig fyrir 1970 (og þau fá flestir) og það að réttindi eru einungis reiknuð frá 55 ára aldri eða 1955 gerir það að verkum, að ekki skiptir máli fyrir velflesta lífeyrisþega hvort þeir voru í lífeyrissjóði fyrir 1970 eða fyrir 55 ára aldur. Í þessu felst ákveðið ranglæti gagnvart þeim sem greiddu 10% af launum til lífeyrissjóða um árábil. Njóta þeir þess í engu og lífeyrissjóðum er fyrirmunað að bæta þeim þetta upp, þar sem sérhver greiðsla af þeirra hálfu kemur til frádráttar lífeyri frá umsjónarnefnd.

Lagagrein þessi mundi gera lífeyrissjóðunum kleift að bæta þetta misrétti á eigin kostnað.